


Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. september 2011
Tilvísun: UST20110900032/ksj

Endurvinnsla á álgjalli Kapelluhrauni, Hafnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Kratus ehf. áformar að byggja verksmiðju til endurvinnslu á álgjalla að Álhelli 15, Hafnarfirði. Ofangreind lóð er staðsett á iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni.

Fyrirhuguð framkvæmd

Verkefnið felur í sér byggingu og rekstur verksmiðju sem endurvinnur ál. Áætlað er að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári í verksmiðjunni. Hráefni sem ætlunin er að nota er álgjall frá álverksmiðjum hér á landi. Möguleiki er að nota brotaál sem fellur til hjá endurvinnsluaðilum í einhverju magni. Gert er ráð fyrir að endurvinnslan skapi 6 - 8 ársverk.

Framleiðsluferli

Framkvæmdin felst í því að byggð verði verksmiðja sem mun nota tromluofn, keyrðan með olíu eða gasi, til að endurvinna ál. Hráefni í verksmiðjuna verður fengið úr álverum og þar er um að ræða álgjall sem alltaf fellur til í einhverjum mæli við framleiðslu á áli. Í verksmiðjunni verður álið unnið úr álgjallinu, en eftir mun standa blanda af salti, súráli og álmálmi ásamt óhreinindum sem hreinsast úr álinu við rafgreininguna. Þessar eftirstöðvar eru kallaðar „gjallsandur“ í fyrirspurn framkvæmdaaðila um matsskyldu.

Auk álgjallsins mun framkvæmdaaðili mögulega bæta almennu brotaáli við framleiðsluferlið, sem fengið verður annars staðar frá. Með þessum hætti telur framkvæmdaaðili að jafnari og betri rekstur geti fengist á ofninum. Ef notað verður húðað brotaál mun framkvæmdaaðili nota sérstakan hreinsibúnað til að fjarlægja lífrænar gufur sem myndast geta við niðurbrot húðunarefna.

Fastur úrgangur

Framkvæmdaaðili upplýsir að samningar liggi þegar fyrir við erlenda endurvinnsluaðila um

móttöku á gjallsandi og því mun vinnsla hans ekki að neinu leyti falla undir hina tilkynntu framkvæmd. Umhverfisstofnun bendir á að hnökralaus framkvæmd verði að vera á því að þessi forsenda standist enda er meðhöndlun gjallsands flókið úrlausnarefni sem myndi gerbreyta forsendum framkvæmdarinnar. Því bendir stofnunin á að væntanlegt starfsleyfi fyrir starfsemina þurfi nauðsynlega að innihalda takmarkanir á magni gjallsands sem safnast megi upp á svæðinu og skilyrði um hvernig með hann eigi að fara, t.d. til að tryggja að ekki komist í hann vatn, eða að dreifist/fjúki.

Útflutningsleyfi

Umhverfisstofnun bendir einnig á að framkvæmdaaðili þarf að afla sér heimilda til útflutnings gjallsands samkvæmt Baselsamningnum um flutning og förgun spilliefna og að sú leyfisveiting er með öllu óháð veitingu starfsleyfis.

Þynningarsvæði

Umhverfisstofnun getur fallist á sjónarmið framkvæmdaaðila um að staðsetning verksmiðjunnar er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og að losun mengunarefna er fremur lítil í samanburði við aðra losun sambærilegra mengunarefna á svæðinu. Stofnunin bendir þó á að gæta verði vel að hættu á mengunaróhöppum.


Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að hætta kunni að vera á mengun díoxína og fúrana (PCDD/PCDF mengun) af starfsemi þessari vegna þess að notaður er saltferill. Þess vegna telur stofnunin mikilvægt að mengunareftirlit og vöktun sé regluleg vegna þessarar mengunarhættu, bæði á útblæstri og í jarðvegi. Umhverfisstofnun mun einnig setja mörk um þessa losun ef til starfsleyfisútgáfu kemur. Áður en framkvæmdir hefjast þyrfti að ganga úr skugga um núverandi innihald jarðvegsins af þessum mengunarefnum og velja til mælingarinnar staðsetningar sem væru líklegar til að gefa mynd af því hvort væntanleg starfsemi valdi mengun af þessu tagi. Þá væri hægt að mæla aftur á sömu stöðum þegar starfsemi er hafin.

Ef lesnar eru saman upplýsingar úr töflu 3 í fyrirspurninni, um að ryklosun geti verið 300 kg/ári og það að dæmigert innihald PCDD/PCDF efna í rykinu sé 5 µg/kg frá verksmiðjum af þessu tagi, eins og fram kemur í töflu 1 má draga þá ályktun af skýrslunni að heildarmyndun díoxína sé 1,5 mg á ári frá starfseminni. Umhverfisstofnun áætlað að díoxínlosun Íslands hafi verið um það bil 4 g á ári árið 2008. Standist framangreindar forsendur veldur losunin ekki umtalsverðum umhverfisvanda að mati stofnunarinnar en vert er að leggja mikla áherslu á að fylgjast vel með henni.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki sennilegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir